Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 750/2008

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Felguhreinsir 1L**
Vörunúmer: **LM1597**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun	Hreinsiefni á bílfelgur.
Notkun sem ráðið er frá	Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

	Stilling ehf	**Framleiðandi:**	LIQUI MOLY GmBH
	Kletthálsi 5		Jerg-Wieland Strasse 4
	110 Reykjavík		D-89081 Ulm-Lehr
			Þýskaland
Sími:	5208000		00-49-731-1420-0
Netfang:	stilling@stilling.is		info@liqui-moly.de
Veffang:	www.stilling.is		www.liqui-moly.de

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:
Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H302	Hættulegt við inntöku	Bráð eit.4
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	Húðnæm.1

Flokkun skv. tilskipunum EB 67/548 og 1990/45 (með síðari breytingum): (Ísl. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum:)

Xn	H22	Hættulegt við inntöku
	H43	Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð

2.2 Merkingaratriði:
Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættutákn:

Viðvörunarorð: **VARÚÐ**

Hættusetningar	H302	Hættulegt við inntöku
	H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
Varnaðarsetningar	P101	Ef leita þarf læknis skal hafa umbúðir eða umbúðamerkingar tiltækar.
	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
	P261	Gætið þess að anda ekki inn úða/gufu/ýringi.
	P270	Neytið ekki matar, drykkjar eða tóbaks við notkun þessarar vöru.
	P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar.
	P302+P352	BERIST EFNIÐ Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni og sápu
	P333+P313	Ef efnið ertir húð eða útbrot koma fram: Leitið læknis.
	P362+P364	Farið úr fötum, sem óhreinkast af efninu, og þvoið fyrir næstu notkun
	P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur: Natríummerkaptóasetat.

2.3 Aðrar hættur:
Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

Reglugerð (EB) 648/2004:
Inniheldur: <5% aníónsk yfirborðsvirk efni, ilmefni, límonen, sítral, glútaral.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Natríummerkaptóasetat			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119968564-24-xxxx	**Innihald %**	**1 - <10**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	T, Xn
EINECS, ELINECS	206-696-4	**H-setningar**	H21, H25, H43
CAS	367-51-1	**Flokkun, hættumerking**	Eitrað, Hættulegt heilsu
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Málmæt.1 - **H290**, Bráð.eit.3 - **H301**, Bráð.eit.4 **- H312,** Húðnæm.1 - **H317**			

Kalíum p-kúmensúlfonat			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119489427-24-xxxx	**Innihald %**	**1 - <5**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	Xi
EINECS, ELINECS	629-764-9	**H-setningar**	H36
CAS	164524-02-1	**Flokkun, hættumerking**	Ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Augnert. 2 - **H319**			

Natríum p-kúmensúlfonat			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**1 - <5**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	Xi
EINECS, ELINECS	239-854-6	**H-setningar**	H36
CAS	15763-76-5	**Flokkun, hættumerking**	Ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Augnert. 2 - **H319**			

Alkóhól, C12-C14 (jafnar tölur), etoxýleruð<2,5 EO, súlföt, natríumsölt			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**1 - <5**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	Xi
EINECS, ELINECS	500-234-8	**H-setningar**	H38, H41
CAS	68891-38-3	**Flokkun, hættumerking**	Ætandi, ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðert.2 - **H315**, Augnskað.1 - **H318**, Langv.eit.á vatn 3 - **H412**			

Annað:
Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almennt
Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er á ástandi hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

Innöndun
Tryggið ferskt loft. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.

Snerting við húð
Hreinsið húð strax vandlega með miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis verði vart við ertingu.

Snerting við augu
Skolið varlega með miklu vatni í nokkra stund og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknis hverfi einkenni ekki fljótt.

Inntaka
Skolið munn með vatni. Gefið mikið vatn að drekka. Framkallið ekki uppköst. Leitið strax læknis. Sýnið öryggisblaðið.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir.
Einkenni: Erting í augum. Við langtímaáverkun: Þurrkur og sprungur í húð, roði, verkir, ofnæmisviðbrögð.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, alkóhólþolin froða, vatnsúði. Veljið slökkviefni eftir aðstæðum hverju sinni.
Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð, brennisteinsoxíð, eitruð niðurbrotsefni.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Varan getur myndað hálkubletti.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Gerið varnargarða og notið ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Skolið mengað svæði með miklu vatni eftir hreinsun.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist úðamyndun. Forðist snertingu við húð og augu.
Reykið ekki. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum.
Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.
Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.
Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið ekki við hitastig yfir 25°C.

7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Natríummerkaptóasetat					
Notkunarsvið vöru	**Snertileið**	**Lýsing áhrifa**	**Mæliaðferð**	**Gildi**	**Eining**
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	2,06	mg/kg/líkamsþ/d
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	1,41	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma, staðbundið	DNEL	0	mg/cm2
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma, staðbundið	DNEL	0	mg/cm2
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	0,35	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	0	mg/kg/líkamsþ/d
	Umhverfi, sjór		PNEC	0	mg/l
	Umhverfi, ferskvatn		PNEC	0,04	mg/l
	Umhverfi, hreinsistöð		PNEC	3,2	mg/l

Natríum p-kúmensúlfonat					
Notkunarsvið vöru	**Snertileið**	**Lýsing áhrifa**	**Mæliaðferð**	**Gildi**	**Eining**
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	53,6	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	7,6	mg/kg/lík.þ/dag
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	3,8	mg/kg/lík.þ/dag
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	13,2	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	3,8	mg/kg/lík.þ/dag
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	0,23	mg/l
Umhverfi	Hreinsistöð		DNEL	100	mg/l
Umhverfi	Vatn ósamfelld losun		PNEC	2,3	mg/l

Kalíum p-kúmensúlfonat					
Notkunarsvið vöru	**Snertileið**	**Lýsing áhrifa**	**Mæliaðferð**	**Gildi**	**Eining**
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	53,6	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	7,6	mg/kg/lík.þ/dag
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	3,8	mg/kg/lík.þ/dag
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	13,2	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	3,8	mg/kg/lík.þ/dag
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	0,23	mg/l
Umhverfi	Hreinsistöð		DNEL	100	mg/l
Umhverfi	Vatn ósamfelld losun		PNEC	2,3	mg/l

Alkóhól, C12-C14 (jafnar tölur), etoxýleruð<2,5 EO, súlföt, natríumsölt					
Notkunarsvið vöru	**Snertileið**	**Lýsing áhrifa**	**Mæliaðferð**	**Gildi**	**Eining**
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	2750	mg/kg/líkamsþ/d
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	175	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð		DNEL	1650	mg/kg/líkamsþ/d
Neytendatengt	Fólk, innöndun		DNEL	52	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, inntaka		DNEL	15	mg/kg/líkamsþ/d
	Umhverfi, sjór		PNEC	0,02	mg/l
	Umhverfi, ferskvatn		PNEC	0,24	mg/l
	Umhverfi, sjór, set		PNEC	0,55	mg/l
	Umhverfi, ferskvatn, set		PNEC	5,45	mg/l
	Umhverfi, hreinsistöð		PNEC	10000	mg/l
	Umhverfi, jarðvegur		PNEC	0,95	mg/kg þurrt
	Umhverfi, ósamf.losun		PNEC	0,07	mg/l

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.
Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar	Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)
Húð - hendur	Notið efnaþolna hlífðarhanska úr bútýlgúmmíi. (EN374, >0,6 mm, gegnstreymistími >480 mín). Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.
Húð - annað	Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar og öryggisskófatnaðar. (EN20345).
Öndunarfæri	Tryggið góða loftræstingu.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi	
Lykt:	Einkennandi	
Litur:	Gulur	
pH:	7-8	
Suðumark:	100°C	
Blossamark:	>61°C	
Gufuþrýstingur:	23	mbar
Eðlismassi við 20°C:	1,08-1,09	g/cm^3
Leysanleiki í vatni:	Leysanlegt	
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim.	
Oxandi eiginleikar:	Nei	
Seigja:	12	s (ISO 2431 (3mm))

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Forðist hitahækkun, eld og aðra íkveikjuvalda. Reykið ekki.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Stekir oxarar, og aðrar efnavörur.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð, brennisteinsoxíð, eitruð niðurbrotsefni.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Felguhreinsir 1L

	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	ATE	1750	mg/kg		reiknuð stærð
Bráð eiturhrif, ísog um húð	ATE	>2000	mg/kg		reiknuð stærð

Natríummerkaptóasetat

	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	>2729	mg/L/4 klst	rotta	OECD 403
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	50	mg/kg	rotta	OECD 423
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	1000	mg/kg	rotta	OECD 402
Húðæting/erting		Væg erting		kanína	OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Væg erting		kanína	OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Veldur næmingu (húð)		mús	OECD 429
Stökkbreytingar		Neikvætt		mús	OECD 474
Krabbamein		Neikvætt		mús	
Eitrun æxlunarfæra	NOEL	20	mg/kg lík.þ/dag	rotta	OECD 416
Eitrun fósturs	NOEL	100	mg/kg	rotta	
Langvinn eiturhrif	NOEL	22,5	mg/kg lík.þ/dag	rotta	OECD 411 (90 dagar)
Einkenni	Höfuðverkur, erting í slímhúðum, ógleði, uppköst				

Kalíum p-kúmensúlfonat					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>2000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>2000	mg/kg	kanína	OECD 402
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	>5	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Neikvætt		kanína	OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt		kanína	OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt		hamstur	OECD 406
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt		mús	OECD 471
Krabbamein		Neikvætt		rotta	OECD 453
Langvinn eiturhrif	NOAEL	1300	mg/kg	mús	OECD 411
Eitrun fósturs	NOAEL	3000	mg/kg	rotta	

Natríum p-kúmensúlfonat					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>7000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>2000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	>5	mg/l/4 klst	rotta	úði
Húðæting/erting		Neikvætt		kanína	OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt		kanína	OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt		hamstur	OECD 406
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt		mús	OECD 471
Krabbamein		Neikvætt		rotta	OECD 453
Eitrun æxlunarfæra	NOAEL	>936	mg/kg	rotta	
Langvinn eiturhrif	NOAEL	763-3534	mg/kg	rotta	OECD 408

Alkóhól, C12-C14 (jafnar tölur), etoxýleruð<2,5 EO, súlföt, natríumsölt					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	4100	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>2000	mg/kg	rotta	OECD 402
Húðæting/erting		3,2		kanína	OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Afar ertandi		kanína	OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt		hamstur	OECD 406
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Eitrun æxlunarfæra	NOAEL	>300	mg/kg	rotta	OECD 416
Sértæk eiturhrif á markliffæri, SEM-EV	NOAEL	>225	mg/kg/d	rotta	OECD 408
Eitrun fósturs	NOAEL	>1000	mg/kg	rotta	OECD 414
Einkenni	Erting í slímhúðum				

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Felguhreinsir 1L					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Þrávirkni og niðurbrot	Yfirborðsvirku efnin í þessari vörur standast skilyrði um lífrænt niðurbrot eins og þau eru sett fram í reglugerð EB 648/2004. Niðurstöður sem styðja þessa fullyrðingu eru aðgengilegar fyrir hlutaðeigandi yfirvöld aðildarlandanna óski þau þess, eða ef framleiðandi hreinsiefna óskar þess.				
Annað	Inniheldur engin AOX efni (lífræn efni með halogenum sem geta aðsogast)				

Natríummerkaptóasetat					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	>100 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203 (merkaptóediksýra)
Eiturhrif	EC_{50}	38 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202 (merkaptóediksýra)
Eiturhrif	EC_{50}	>100 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Eiturhrif á gerla	EC_{50}	530 mg/l	3 klst		OECD 209
Þrávirkni og niðurbrot	60% (OECD 301B)				
Uppsöfnun í lífverum	Log Kow = -2,99 (OECD 107)				
Vatnsleysni	609 g/l (20°C)				

Kalíum p-kúmensúlfonat					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC_{50}	>100 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrif	EC_{50}	>100 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	EC_{50}	>100 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		>60%	28 d		OECD 301B
Eiturhrif á gerla	EC_{50}	>1000 mg/l	3 klst		OECD 209

Natríum p-kúmensúlfonat					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC_{50}	>100 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrif	EC_{50}	>100 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	EC_{50}	>100 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		>60%	28 d		OECD 301B
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	-1,1			Óveruleg uppsöfnun
Eiturhrif á gerla	EC_{50}	>1000 mg/l	3 klst		OECD 209

Alkóhól, C12-C14 (jafnar tölur), etoxýleruð<2,5 EO, súlföt, natríumsölt					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC_{50}	7,1 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrif	EC_{50}	7,4 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	EC_{50}	27,7 mg/l	72klst	Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		>95%			OECD 301E
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	0,3			Óveruleg uppsöfnun
Eiturhrif á gerla	EC_{50}	>10g/l	16 klst		DIN 38412 T.8

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.
Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:
07 06 01 (vatnsblandaðar þvottalausnir og stofnlausnir)
20 01 29 (hreinsiefni sem innihalda hættuleg efni)

Óhreinar umbúðir

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinna.
Notið vatn við hreinsun umbúða.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.

IMDG: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.

IATA: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), 67/548 EB (DSD), 1999/45 EB (DPD). 2004/42 og 13/01/2010.
Íslenskar reglugerðir 236/1990, 750/2008 og 866/2012.
Tilskipun EB 2010/75 (VOC): <0,3%

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H21	Hættulegt í snertingu við húð
H22	Hættulegt við inntöku
H25	Eitrað við inntöku
H36	Ertir augu
H38	Ertir húð
H41	Hætta á alvarlegum augnskaða
H43	Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð
H290	Getur verið ætandi fyrir málma
H301	Eitrað við inntöku
H312	Hættulegt í snertingu við húð
H315	Veldur húðertingu
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 1/30.03.2015

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:	***LIQUI-MOLY GMBH***
	SAFETY DATA SHEET according to Regulation (EC) No 1907/2006, Annex II
	FELGEN-REINIGER SPEZIAL 500 ML
Útgáfa:	*16.07.2014 Útgáfa 0009*
Kemur í stað:	*02.12.2013 Útgáfa 0008*